

ENSKA FYRIR ÞIG

STAFRÆNT OG GRÆNT

Verkefnið hlaut styrk úr Fræðslusjóði árið 2021 sem nýsköpunar- og þróunarverkefni

FRÆÐSLUAÐILI: ÍÐAN FRÆÐSLUSETUR EHF.

ÁÆTLUÐ LOK VERKEFNIS: 1/9/2022

FORGANGSSVIÐ: STAFRÆN OG/EÐA GRÆN HÆFNIUPPBYGGING Í FRAMHALDSFRÆÐSLU

HEITI VERKEFNIS OG NAFN STYRKÞEGA

Enska fyrir þig - STAFRÆNT OG GRÆNT. ÍÐAN fræðslusetur ehf.

UM VERKEFNIÐ

Hönnun vefnáms ásamt vinnustofu fyrir fræðsluaðila. Áherslan er á ensku og starfsþróun. Búið er að kanna framboð enskunámskeiða sem stóðst ekki væntingar. Helstu verkþættir: þarfagreining, námskeiðsgerð, kennsluefni fyrir stafræna framsetningu sem verður miðlað í blandaðri aðferð og vinnustofa ásamt heildar endurskoðun og lokaskýrslu.

MARKMIÐ VERKEFNIS

Tilgangurinn verkefnisins er tvíþættur: Að efla stöðu launþega í atvinnulífinu og auka þekkingu fræðsluaðila í stafrænni umbreytingu. Markmiðið er að þróa kennsluefni sem passar við þarfir markhópsins með áherslu á stafræna miðlun efnis, stafræna gagnvirkni og stafrænar viðurkenningar. Markhópurinn: Launþegar og framhaldsfræðsluaðilar.

HVERJIR ERU HELSTU SAMSTARFSAÐILAR?

Sérfræðingar í kennslufræði/ensku: Samúel Lefever, Dósent í kennslufræði erlendra tungumála við HÍ og Neil McMahon, BA í sagnfræði/fornleifafræði, kennsluréttindi og MA í ensku, kennari hjá Leiðsöguskólanum og Mími. Kvikmyndaframleiðandi: Tilboð varðandi framleiðslu kennslumyndbanda. Diplomasafe : Útgáfu stafrænna viðurkenninga.

HVER ER HELSTI ÁVINNINGUR AF VERKEFNINU FYRIR MARKHÓP FRAMHALDSFRÆÐSLUNNAR?

Fyrir launþega: Enskukunnátta er nauðsynleg atvinnugreinum. Þátttakendur flétta saman ensku við umhverfismál/sjálfbærni, nýtingu efnisveitna, áhrifum 4. iðnbyltingarinnar og persónulega færni. Fyrir framhaldsfræðsluna: Vinnustofa um undirbúning og gerð vefnámskeiðsins. Áherslan verður á samþættingu greina og stafræna umbreytingu.

HVERJAR VERÐA LOKAÁFURÐIR VERKEFNISINS?

Þarfagreining. Námslýsing, kennslugögn (ítarefni og verkefni) á þrepi 2. Handrit af 6 kennslumyndböndum með enskukennurum og atvinnulífinu. Samþætting framlengdra veruleika. Innleiðing, útfærsla og hagnýti stafrænna

viðurkenninga - bitakeðjutækni. Könnun meðal þátttakenda. Vinnustofa með aðilum í framhaldsfræðslu um verkefnið. Lokaskýrsla.